

**Nd.**

**385. Frumvarp**

til laga um seðlaútgáfu Íslandsbanka og um ráðstafanir á gullforða bankans.

Flutningsm.: Jakob Möller og Pjetur Þórðarson.

1. gr.

Til 1. maí 1922 skal Íslandsbanka heimilt að gefa út seðla, eftir því sem viðskiltapörfin krefur, allt að 5 miljónum króna, og skulu seðlarnir allir tryggðir með málmforða samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 5. gr., sbr. 6. gr. Ef þörf krefur, er ráðherra heimilt að auka seðlaútgáfu bankans um allt að 2 milj. kr., og skulu þeir viðbótarseðlar tryggðir að hálfu (50%) með málmforða, og greiðir bankinn ríkissjóði 2% ársvexti af þeirri upphæð seðlanna, sem ótrygð er með málmforða.

2. gr.

Nú verður þörf meiri seðlaútgáfu en heimild er veitt til í 1. gr., og má þá ráðherra leyfa bankanum að gefa út það, sem til þarf þar umfram, án málmforðatryggingar, en þá skal bankinn greiða ríkissjóði vexti af þeim hluta seðlaútgáfunnar, sem ótrygður er með málmforða, sem hér segir: af næstu 2 miljónunum eins og þjóðbankavextir eru lægstir á Norðurlöndum, af næstu 2 miljónunum sömu vexti og bankinn tekur sjálfur af útlánum, og 1% hærri vexti af því, sem þar kynni að vera fram yfir.

3. gr.

Íslandsbanki skal leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkv. lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a

og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmfordanum nemur.

Skýlt er bankanum þó, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafn-skjótt og ríkisstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður. En um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna þannig verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullfordann.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt eru úr gildi felldar 1. og 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920.

### Greinargerð.

Í nefndarálini um frv. til laga um seðlaútgáfurjett o. fl. felst að nokkru leyti greinargerð fyrir frv. þessu. En auk þess, sem þar er sagt, þykir hlýða að taka það fram um efni frv. og einstakar greinar þess, sem hjer fer á eftir:

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 66, 5. nóv. 1905, má málmforði bankans, sem honum er skýlt að hafa til tryggingar seðlum sínum, vera að  $\frac{1}{4}$  hluta inneign í erlendum hönkum, en þar sem nú varla getur orðið um neina slíka inneign erlendis að ræða í næstu framtíð, eins og lag bankans nú er komið, þá er auðsætt, að varla verður um aðra tryggingu að ræða en gull. En ætti bankinn að auka gullforða sinn, úr því sem hann nú er, þá hlýti hann að grípa til lánsfjár til að kaupa gullið fyrir, og með því að gulltryggingarákvaði gildandi laga virðast vera óþarflega ströng, og þó á hinn bóginn læplega geta náð þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir misbeiting seðlaútgáfurjettarins, álist fært að lina nokkuð á þeim, en láta bankann í þess stað greiða hækkandi vexti af seðlunum, þannig, að alveg verði fyrir það girt, að hann geti haft hagnað af óbæfilega mikilli seðlaútgáfu.

#### Í 1. gr.

er bankanum heimilað að gefa út 5 miljónir í seðlum, án þess að til þurfi að koma samþykki ráðherra, gegn  $37\frac{1}{2}\%$  málmforðatryggingu, eins og lög nr. 66, 5. nóv. 1905, ákveða, en samkvæmt gildandi lögum má bankinn að eins gefa út  $2\frac{1}{2}$  milj. á þennan hátt. Um næstu 2 milj. eru sett sömu ákvæði og nú gilda um alla »auka-seðla« bankans, þ. e. þann hluta seðlaútgáfunnar, sem er umfram  $2\frac{1}{2}$  milj. Er þetta bygt á því, að minsta seðlaþörf landsins geti ekki farið niður úr 5 milj. innan þess tímatakmarks, sem sett er í frv., og jafnvel ekki niður úr 7 milj. og má fullyrða, að svo mikillar seðlaútgáfu muni verða þörf mestan hluta ársins, eða jafnvel allt árið, og er því engin ástæða til að hindra þá seðlaútgáfu með strangari ákvæðum.

#### Í 2. gr.

er heimilað að auka seðlaútgáfu bankans eftir þörfum, án þess að krafa sje gerð

um frekari gulltryggingu. Það þykir þó ekki fært að ákveða vexti af næstu 2 milj. hærri en gert er, vegna þess að telja má víst, samkvæmt fenginni reynslu, að raunveruleg seðlaþörf landsins muni að minsta kosti nokkurn hluta ársins verða svo mikil, eða alt að 9 milj., auk þeirra  $\frac{3}{4}$  milj., sem Landsbankinn hefir til umráða. Hins vegar eru engar líkur til þess, að seðlaþörfin verði meiri, að minsta kosti varla svo, að nokkru nemi, því að jafnvel þó að miklu betur rætist úr en áhorfist um öll viðskifti landsmanna og atvinnurekstur, þá hlýtur væntanleg lækkun á vöruverði og kaupgjaldi á ýmsum sviðum að draga úr gjaldmiðilsþörfinni. Það verður því að álitast rjett að setja svo ströng vaxtaskilyrði fyrir hærri seðlaútgáfu, að bankinn geti enga aðra hvöt haft til að gefa meira út en þá, að brýnasta nauðsyn krefji.

### 3. og 4. gr.

eru teknar upp úr gildandi lögum og fela í sjer nauðsynleg ákvæði, sem ekki virðast þurfa frekari skýringa.